

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
176. fundur – 26. nóvember 2012

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 26. nóvember 2012. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 175. fundar heilbrigðisnefndar frá 29. október 2012 lögð fram.

1 Fundargerð 154. starfsmannafundar frá 21. nóvember 2012

1.1 Starfsleyfi

Álftanes

1.1.1 Muruholt 6, Álftanes - dreifing á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Ólafar Bjargar Magnúsdóttur kt. 201173-3539, f.h. True Nordic APS., dags. 16.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu á fæðubótaefnum, lögheimili verður að Muruholti 6, Álftanesi. Dreifing vöru verður frá vöruhótelum. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeðlunar er starfsleyfi samþykkt til 4ra ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar, valdi ekki ónæði fyrir nágranna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

1.1.2 Strandgata 6, Hafnarfjörður – frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn

Lagðar fram umsóknir Lindu Leifsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 25.10.2012 þar sem fram kemur að íþrótt- og tómstundaráð Hafnarfjarðar er ábyrgðaraðili kennsluhúsnæðis vegna starfsemi eftirfarandi frístundaheimila. Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að breyta starfsleyfum.

- Akurholt 1, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Hvaleyrarskóla. Staðsetningin er á neðri hæð þegar farið er í frístundaraðstöðuna frá aðalbyggingu. Utan gengt er um anddyri.
- Breiðvangur 42, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Engidalsskóla. Staðsetning er á neðstu hæð í "nýja skólanum". Gengið niður með skólanum að utan (niður háar útitröppur inn í anddyri.
- Drekafellir 9, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Hraunvallaskóla. Staðsetning er í færanlegu bráðabirgða húsi á lóðinni og í íþróttahúsinu. Yngstu börnin (6ára) eru í færanlega húsinu en 7, 8 og 9 ára eru í íþróttahúsinu.
- Kríuás 1, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Áslandsskóla. Staðsetningin í skólastofum á neðri hæð. 3 rými, stórt og tvö minni. Gengið er inn í minni herbergin úr stóra herberginu.
- Sólvangsvegur 4, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Lækjarskóla. Staðsetningin er á jarðhæð. Húsið er í halla og hægt að ganga beint út af frístundasvæðinu í gegnum skólann og næsta hurð við er inn í íþróttahúsið. Eldri börnin dvelja í hluta af íþróttahúsinu.
- Hrauntunga 7, Hafnarfjörður, - frístundaaðstað við Víðistaðaskóla. Staðsetningin er á jarðhæð. Gengið er inn um anddyri.
- Öldutún 9, Hafnarfjörður, - frístundaaðstaða við Öldutúnsskóla. Staðsetning í sér húsi (færanlegt hús) sem stendur við Víðihvamm þ.e. næstu götu við Öldutúnsskóla. Góð aðstaða er í húsinu.

1.1.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður, veitingastofa

Lögð fram að nýju umsókn Charin Thaiprasert, f.h. Noodle Station ehf., kt. 550211-1300, dags. 8.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Húshluti: 02 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustureglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Drangahraun 10, Hafnarfirði - bílapartasala

Lögð fram að nýju umsókn Elíasar K. Péturssonar, f.h. E. Péturssonar ehf. (Aðalpartasalan) kt. 411199-3559, dags. 19.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölu og bifreiðaverkstæðis að Drangahrauni 10, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði. Tillaga að starfsleyfi var auglýst í Morgunblaðinu þann 4. október 2012 og Fjarðapóstinum þann 4. október 2012. Engin athugasemd barst
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.5 Dalshraun 13, Hafnarfjörður, - kaffihús og brauðsala

Lögð fram umsókn Vilhjálms Þorlákssonar, f.h. Gæðabaksturs ehf., kt. 550595-2499, dags.25.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss og verslunar með brauð, kökur og skildar vörur að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Dalshraun 20, Hafnarfjörður – bílapartasala

Lögð fram að nýju umsókn Þórs Kristjánssonar f.h. Bílaparta og Þjónustu, kt. 490694-2699, dags. 14.02.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir bifreiðaverkstæði og bílapartasölu að Dalshrauni 20, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, er starfsemin á athafnasvæði Me(BII).
Tillaga að starfsleyfi var auglýst í Morgunblaðinu þann 4. október 2012 og Fjarðapóstinum þann 4. október 2012. Engin athugasemd barst
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.7 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður – vörugeymsla

Lögð fram umsókn Global Cargo ehf. kt. 520809-1200, dags. 22. nóvember 2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu og flutningsmiðlunar að Fornubúðum 5, Hafnarfirði.
Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarna er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar

1.1.8 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður - dreifing á umbúðum fyrir matvæli

Lögð fram umsókn Kristjáns Kjartanssonar f.h. Umbúðasölu ehf., kt.690609-1500, dags. 29.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustufyrirtækis fyrir vörur sem koma í snertingu við matvæli að Fornubúðum 5, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Flatahraun 29, Hafnarfjörður, - félagsheimili

Lögð fram umsókn Sigríðar Hrólfsdóttur, f.h. Stangveiðifélags Hafnarfjarðar, kt. 620269-1239, dags. 5.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Flatahrauni 29, Hafnarfirði. Endurnýjun
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.10 Kaplahraun 11, Hafnarfjörður - bílapartasala

Lögð fram að nýju umsókn Antons L. Ingvasonar, f.h. Bílabúsins ehf., kt. 560407-1300, dags. 4.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílapartasölu að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði.
Tillaga að starfsleyfi var auglýst í Morgunblaðinu þann 4. október 2012 og Fjarðapóstinum þann 4. október 2012. Engin athugasemd barst
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11 Íshella 4, Hafnarfjörður - partasala og bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Veigars Ólafssonar f.h. Stuf ehf., kt. 520204-2610 dags. 7.11.11, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis og bílapartasölu að Íshelli 4, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101 og 0102. Breyting á starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 16.11.2011.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar, 2005-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst í Morgunblaðinu þann 4. október 2012 og Fjarðapóstinum þann

4. október 2012. Engin athugasemd barst

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Straumsvík, Hafnarfjörður, gasbirgðastöð

Lögð fram að nýju umsókn Péturs Pétursson, f.h. Gasfélagsins ehf., kt. 690396-2469, dags. 7.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs birgðastöðvar fyrir gas í Straumsvík, Hafnarfirði.

Húshluti: 223-0962 Landnr. 176859. Endurnýjun

Með umsókn fylgdu eftirtalin gögn;

1. Stækkun gasstöðvar í Straumsvík, brunavarnir og áhættumat (Mannvit) dags. 12.8.2011,

2. Deiliskipulag fyrri svæðið, samþ. 7.8.2012

3. Öryggisskýrsla (Gasfélagið ehf.), sbr. reglugerð 160/2007, dags 9.2011

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, er starfsemin á hafnarsvæði.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst í Morgunblaðinu þann 4. október 2012 og Fjarðapóstinum þann

4. október 2012. Engin athugasemd barst

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

1.1.13 Álfhólsvegur 22, Kópavogur - niðurrif

Lögð fram umsókn Jóns P. Kristjánssonar, f.h. Mótanda ehf., kt.701104-3820, dags.

20.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs íbúðar- og iðnaðarhúsi að Álfhólsvégi 22,

Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.14 Bláfjallaleið, Kópavogur – hellisskoðun

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. Þríhnúka ehf., kt. 580405-0530, dags. 15.10.2012,

þar sem óskað er eftir tímabundnu starfsleyfi til reksturs aðstöðu til móttöku ferðamanna í skipulögðum ferðum til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg á Bláfjallaleið í Kópavogi, sumarið 2013.

Fyrir liggur jákvæð umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

Með vísun til reglugerðar um hollustuhætti og ákvæða samþykktar um verndarsæði um

vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu er starfsleyfi samþykkt frá 15.05.2013 – 15.09.2013.

1.1.15 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Vilhjálmss Þorlákssonar, f.h. Gæðabaksturs ehf., kt. 550595-2499,

dags.25.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skildar

vörur að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.16 Breiðahvarf 15, Kópavogur - heimagisting

Lögð fram umsókn Péturs Pálssonar f.h. G.P. heildverslunar ehf., kt. 501204-3230 dags.

9.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til heimagistingar að Breiðahvarfi 15, Kópavogi.

Húshluti: 01 0104. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.17 Bæjarlind 1-3, Kópavogur - ísbúð og veitingastofa

Lögð fram umsókn Stefáns Magnússonar f.h. Ísbúðar Vesturbæjar ehf., kt. 520602-2750 dags.

31.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til rekstur ísbúðar að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Húshluti: 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Engihjalli 8, Kópavogur - veitingahús

Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar f.h. G.S. vörur ehf., kt. 510909-1510, dags. 2.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss að Engihjalla 8, Kópavogi.

Húshluti: 010107. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Furugrund 3, Kópavogur - íþróttasalur

Lögð fram umsókn Guðmundar Ö. Guðjónssonar, fh. Bogfimisetsursins ehf., kt.710812-0550, dags. 8.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttasalar að Furugrund 3, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

1.1.20 Fannborg 6, Kópavogur - hæfingarstöð

Lögð fram umsókn Líneyjar Óladóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags.5.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hæfingarstöðvar að Fannborg 6, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

1.1.21 Hæðasmári 4, Kópavogur - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Bergþóru Þórsdóttur, kt. 160371-4559, dags. 15.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslu- og airbrushstofu að Hæðasmára 4, Kópavogi.

Húshluti: 01 0103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

1.1.22 Langabrekka 2, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Friðriks S. Halldórssonar, f.h. Hömlur ehf., kt. 630109-0860, dags.

25.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs íbúðarhúss að Löngubrekku 2, Kópavogi.

Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

1.1.23 Vesturvör 25, Kópavogur - sprautu- og réttिंगaverkstæði

Lögð fram umsókn Danius Simkus, f.h. Réttir bílar ehf., kt.670910-0400, dags. 29.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sprautu- og réttिंगaverkstæðis að Vesturvör 25, Kópavogi.

Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.24 Víkurhvarf 2, Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Stefáns H. Kristjánssonar, f.h. Aðalsendibílar ehf. kt. 431198-2239, dags. 1.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Víkurhvarfi 2, Kópavogi.

Húshluti: 01 0104. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Lyngás 17, Garðabær - veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 2.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matar og Gleði ehf., kt. 501012-1650, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I að Lyngási 17, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 29.10.2012 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki

reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

1.2.2 Lyngmóar 8, Hafnarfjörður, heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 26.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nönnu Logasdóttur, kt. 060567-3289, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Lyngmóum 8, Garðabæ.

Vísað til afgreiðslu heilbrigðiseftirlits.

Hafnarfjörður

1.2.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður, veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 27.07.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Noodle Station ehf., kt. 550211-1300, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur veitingastofu í I. flokki, að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.11.2012 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

1.2.4 Hringbraut 10, Hafnarfjörður – tónleikar, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 1.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika sem halda á í Flensborgarskóla, þann 7.11.2012 frá kl. 22.00 – 01.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.5 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður, gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 23.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hauks Birgissonar f. h. Hótel Hafnarfjarðar, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir hótél í V. flokki, að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 11.12.2008 starfsleyfi fyrir gististað með vísun til ákvæða hollustuháttarreglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt V. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir hótél.”

1.2.6 Vesturbraut 15, Hafnarfjörður, heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 19.03.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Edda's Farmhouse in Town, kt. 450312-0450, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Vesturbraut 15, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 25.06.2012 starfsleyfi til heimagistingar með vísun til ákvæða hollustuháttarreglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu.”

Kópavogur

1.2.7 Breiðahvarf 15, Kópavogur, heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 5.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn G.P. Heildverslunar ehf., kt. 501204-3230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Breiðahvarfi 15, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.11.2012 starfsleyfi til reksturs heimagistingar skv. hollustuháttarreglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu.”

1.2.8 Engihjalli 8, Kópavogur, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 29.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn GS vörur ehf., kt. 510909-1510, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Engihjalla 8, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.11.2012 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastað.”

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Smáratorg 1, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Rakkabergs ehf., kt.570902-3180, dags. 5.11.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í söluturninum Íseli að Smáratorgi 1, Kópavogi. Leyfisveiting samþykkt.

1.4 Annað

1.4.1 Eftirlitsverkefni: Efnanotkun á bílaþvottastöðvum

Lögð fram til kynningar skýrsla dags. október 2012 um eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um efnanotkun á bílaþvottastöðvum.

1.4.2 Eftirlitsverkefni: Mengunarvarnir í efnalaugum

Lögð fram til kynningar skýrsla dags. október 2012, um eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um mengunarvarnir í efnalaugum.

1.4.3 Mengunarvarnir á bílasprautunarverkstæðum

Lögð fram til kynningar skýrsla dags. júní 2012, um eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um mengunarvarnir á bifreiðasprautuverkstæðum.

2 Reykjavíkurvegur 54, bílaþvottastöð

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlitsins frá 13. nóvember 2012 til Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf. varðandi brot á ákvæðum starfsleyfis og kröfu um að stöðva starfsemi sjálfvirkrar þvottastöðvar og notkun á ryksugum á kvöldin.

Lagður fram tölvupóstur Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf. frá 19. nóvember 2012 til heilbrigðiseftirlitsins, þar sem tilkynnt er um breytingu á opnunartíma sjálfvirku þvottastöðvarinnar og breytingar sem gerðar hafa verið á notkunartíma ryksuga.

Lagður fram tölvupóstur heilbrigðiseftirlitsins til Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf. frá 20. nóvember 2012 um móttöku erindis fyrirtækisins og um að málið verði tekið fyrir á fundi heilbrigðisnefndar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Í starfsleyfi útgefnu 23. ágúst 2012 til Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf., Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði er ákvæði um að sjálfvirka (snertilausa) þvottastöðin verði ekki í notkun nema hurð sé lokuð. Í eftirliti þann 8. nóvember 2012 kom í ljós að hurð hafði ekki verið komið fyrir eins og tilskilið er og vélbúnaður þvottastöðvarinnar var starfræktur. Vegna nálægðar starfseminnar við íbúðarhúsnæði telur heilbrigðisnefnd að brot starfsleyfishafa sé alvarlegt og beita beri ákvæðum 31. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, varðandi afturköllun starfsleyfis, stöðvun eða takmörkun starfsemi, gerist þess þörf. Með vísun til tölvupósts fyrirtækisins frá 19. nóvember 2012 er fyrirtækinu hér með veittur 14 daga frestur til að gripa til viðeigandi úrbóta”

3 Vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsæðinu frá 7. nóvember 2012.

3.1 Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Í gangi er endurskoðun á svæðaskipulagi vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Heilbrigðisnefnd óskar eftir því við fulltrúa sveitarfélaganna, sem að þeirri vinnu koma, að verða upplýst um stöðu og gang málsins.

3.2 Samgöngumál í Bláfjöllum

Í umhverfismatsferli fyrir ferðaþjónustu sem verið er að vinna að, var unnin öryggisúttekt á vegum í Bláfjöllum (VSÓ- Ráðgjöf 2012). Í ljós kom að vegakerfið og helgunarsvæði er fjarri því að uppfylla umferðaröryggiskröfur. Slíkt ástand vega á skilgreindu söfnunarsvæði og grannsvæði vatnsbóla kallar á úrbætur.

Heilbrigðisnefnd beinir því til sveitarstjórnanna að samhliða þeirri vinnu sem er í gangi vegna endurskoðunar vatnsverndar verði mótuð samgöngustefna fyrir svæðið. Í slíkri stefnu þarf að gæta sérstaklega að vatnsverndarhagsmunum og tryggja þarf að farið verði í nauðsynlegar úrbætur áður en nokkrar framkvæmdir verði heimilaðar í Bláfjöllum, þ.m.t. á skíðasvæðunum.

4 Kvörtun um ólykt í íbúðarhverfi.

Lagður fram tölvupóstur frá 17. nóvember 2012 þar sem kvartað er yfir óþef sem leggur frá fyrirtæki sem staðsett er við Óseyrarbraut í Hafnarfirði.

Einnig lagt fram erindi dags. 23. nóvember 2012 frá Eignarhaldsfélaginu Bjargi ehf. þar sem kvartað er vegna starfsemi Svalþúfu að Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd telur að taka beri kvartanir þessar til skoðunar.

Vísar heilbrigðisnefnd til ákvæða reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, varðandi það atriði að kvartanir bendi til meiri mengunar en búast hefði mátt við annars vegar og mengunarvarnareglugerðar nr. 786/1999 hins vegar vegna hugsanlegra brota á starfsleyfi.

5 Þingmál

5.1 Frumvörp til laga um búfjárhald og dýravelferð

Lagðir fram þrjú tölvupóstar frá nefndarsviði Alþingis um eftirlalin mál sem eru til meðferðar:

282. mál. Frumvarp til laga um búfjárhald. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0315.html>

283. mál. Frumvarp til laga um dýravelferð. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0316.html>

287. mál. Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (loftgæði, færanleg starfsemi, umhverfismerki o.fl., ESS-reglur. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0320.html>

Heilbrigðisnefnd vekur athygli sveitastjórnanna á að verði frumvörp til laga um búfjárhald og dýravelferð að lögum kemur til verkefnaflutnings varðandi forðagæslu frá sveitarfélögunum til Matvælastofnunar. Auknar skyldur eru lagðar á sveitarfélögin varðandi hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörsluskyldu dýra sem kemur til með að krefjast verulegs vinnuframlags sem gera þarf ráð fyrir og kostnaðar við vörslu dýranna.

Í frumvarpi til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru ný ákvæði um öflun upplýsinga um loftgæði, mat á loftgæðum, uppsetningu og rekstur mælistöðva gerð áætlana og skyldu til upplýsa aðalmening. Áhrif frumvarpsins á kostnað sveitarfélaga eru talin óveruleg en á það bent að frekari útfærsla á hlutverki sveitarfélaga mun koma fram í reglugerðum sem verða kostnaðarmetnar sérstaklega. Heilbrigðisnefnd vekur athygli sveitarfélaganna á að í ljósi reynslu sé óvarlegt að álykta að kostnaður verði óverulegur.

5.2 Tilflutningur verkefna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar þingskjal nr. 511, Mál nr. 309, Svar Umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um „Hvaða stefnumótun liggur til grundvallar tilflutningi verkefna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfisstofnunar?“

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0511.html>

Í svari kemur fram að til skoðunar er að flytja frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfisstofnunar tvenns konar eftirlit. Í frumvarpi til efnalaga, sem ráðherra hefur lagt fram á Alþingi á yfirstandandi þingi (88. mál), er lagt til að efnaeftirlit sé fært til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Hitt málið er skipulag mengunarvarnaeftirlits sbr. lið 5.2.2. í fundargerð þessari.

5.2.1 Frumvarp til efnalaga

Heilbrigðisnefnd veitti umsögn um frumvarp til efnalaga á fundi sínum þann 1. október 2012. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0088.html>

5.2.2 Skipulag mengunarvarnaeftirlits.

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 21. nóvember 2012 þar sem fram kemur að á vegum ráðuneytisins er að störfum starfshópur sem hefur það hlutverk að ræða mögulegar útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfshópnum er ætlað að taka saman yfirlit yfir helstu hugmyndir sem ræddar hafa verið, kosti þeirra og galla, sem og afstöðu aðila til þeirra en honum er ekki ætlað að skila af sér einni ákveðinni niðurstöðu um mögulegar leiðir. Ráðuneytið áformar að loknu starfi starfshópsins að vinna heildstæða stefnumótun um verkaskiptingu heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar við eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998.

Einnig lagt fram að nýju erindi heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisráðuneytis dags. 28. október 2012 um sama efni.

6 Óviðunandi umgengni á lóð að Hafnarbraut 21-23, Kópavogi

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 13. nóvember 2012 til eigenda mannvirkja á lóðinni Hafnarbraut 21-23, Kópavogi. Umgengni um sameiginlega lóð er afar slæm og sorpi hafði verið fleygt á lóðina.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Vegna alvarlegra brota á ákvæðum 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 mun gripið til viðeigandi viðurlaga verði fullnægjandi úrbótum ekki sinnt“.

7 Hávaði frá kæligám að Bakkabraut 8, Kópavogi

Lagt fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins frá 18. júlí 2012 og 15. nóvember 2012 til rekstaraðila í húsinu Bakkabraut 8, Kópavogi vegna hávaða frá kæligám við húsið og aðfinnsla um umgengni um lóð og meðferð úrgangs. Ítrekað hefur verið óskað viðbragða við ónæði sem nágrennar kvarta yfir vegna hávaða frá gámnum. Heilbrigðiseftirlitið hefur staðfest með mælingum að um ónæði af hávaða er að ræða. Jafnframt hefur komið í ljós að umgengni um lóðina er slæm þar sem m.a. úrgangi með spilliefnum er skilin eftir í hirðuleysi á lóð og ásynd lóðarinnar er til lýta fyrir umhverfið.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur ljóst að brotin séu ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. með ónæði frá kæligám á lóðinni að Bakkabraut 8 í Kópavogi. Ónæðið telst verulegt og grípa skal til viðurlaga verði fullnægjandi úrbótum ekki sinnt. Jafnframt beinir heilbrigðiseftirlitið því til lóðarhafa að sjái til þess að bæta umgengni um úrgang og spilliefni að viðlögðum beitingu viðurlaga.“

8 Fundargerð haustfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð haustfundar SHÍ með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun sem haldinn var í Reykjavík dagana 29. og 30. október 2012.

9 Önnur mál

9.1 Lækjarbotnaland

Lagðar fram upplýsingar um fok á bárujárnri frá kofum við Suðurlandsveg þann 21. nóvember 2012. Starfsmenn Kópavogsbæjar settu sandpoka á þakið til að afstýra bráðahættu. Heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt að svæðið verði hreinsað.

9.2 *Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar*

Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar verða 4. febrúar, 18. mars og 22. apríl og 27. maí 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19;10

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Gísli Ó. Valdimarsson